

„Stórt skref til bættra kjara íslenskra lækna“

– segir Þorbjörn Jónsson formaður Læknafélags Íslands

„Þetta er fyrsta skrefið í því verkefni að bæta kjör íslenskra lækna til lengri tíma,“ segir Þorbjörn Jónsson formaður LÍ um kjarasamninginn sem nú liggur fyrir milli Læknafélags Íslands og ríkisins.

„Kjör lækna voru orðin með þeim hætti að ekki var raunhæft að reikna með að þau yrðu lagfærð í einu skrefi. En þessi samningur er stórt og mikilvægt skref.“

Stóra spurningin sem liggur í loftinu að loknum þessum samningi er hvort hann verður til þess annars vegar að halda læknum við störf á Íslandi og hins vegar hvort hann muni laða íslenska lækna erlendis til starfa hér heima?

„Mér finnst líklegt að hann verði til þess að halda læknum í vinnu hér á landi en hitt er erfiðara að spá í og tíminn verður hreinlega að skera úr um það. Ég hef þó trú á því að þessi bættu kjör muni toga einhverja lækna heim fljótlega.“

Meturðu það þannig að ekki hafi verið hægt að ná lengra í þessari lotu?

„Já, við máttum það svo að ekki yrði komist mikið lengra að svo stöddu. Við vorum komin að þeim punkti að þurfa að meta hvort væri skynsamlegra að halda

áfram aðgerðum með þeim afleiðingum sem það hefði óhjákvæmilega haft í för með sér eða ganga frá samningi.“

Árangurinn af kjaradeilu lækna við ríkið má meta á ýmsa vegu. Þorbjörn segir samstöðu læknastéttarinnar hafa komið sér nokkuð á óvart.

„Þarna sýndu lækna ótvírætt að þeir geta staðið saman óháð því hvar þeir standa innan stéttarinnar því lækna skiptast í ólíka hópa eftir aldri, sérgreinum og tekjum. Hagsmunir þeirra fara alls ekki alltaf saman. Lækna eru einnig upp til hópa í eðli sínu einstaklingshyggjumenn og því ekki á vísan að róa þegar kalla á eftir samstöðu. Að sumu leyti getur þetta þvælst fyrir í félagsmálunum þegar allir halda fast við sína skoðun og eru sannfærðir um réttmæti hennar. Það kom því þægilega á óvart hversu algjör og órofin samstaðan var og þetta er líklega einsdæmi í sögu Læknafélagsins. Samstaðan skilaði okkur þessum árangri og ætti því að vera gott vegarnesti til framtíðarinnar því við munum þurfa að sækja frekari kjarabætur á næstu árum til að rétta hlut íslenskra lækna að fullu.“

Almenningur var einnig á bandi lækna í þessari baráttu sem kom kannski líka á óvart þar sem lækna hafa verið taldir hátekjuhópur í þjóðfélaginu og því takmörkuð samúð með kaupkröfum þeirra.

„Eflaust kom þar margt til en við gerðum okkur far um að vera hófstíllt í allri framgöngu og lýstum ekki yfir verkfalli fyrir en í lok október eftir að hafa staðið í árangurslausum samningaviðræðum í 9 mánuði. Ég held að fólk hafi skilið sanngirnri kröfu okkar að þessar samningaviðræður yrðu kláraðar. Almenningur skynjaði einnig að við gættum þess að verkfallsaðgerðir ógnuðu ekki öryggi sjúklinga og að við gengjum þar líka fram af hófsemi og ábyrgð. Verkfallsloturnar voru með hléum á milli og það gekk greiðlega að sækja um og fá undanþágur. En það stefndi vissulega í harðari aðgerðir núna eftir áramótin.“

Í umræðunni um kjaramál lækna og ástand íslenskra heilbrigðiskerfisins í aðdraganda verkfallsins var gert talsvert mikið úr þeim kostum sem íslenskum læknum bjóðast erlendis. Gagnvart almenningi var dæminu nánast stillt þannig

„Verkfall verður auðvitað að hafa áhrif, það verður að bita, en það má ekki valda skaða eða draga úr öryggi sjúklinga,“ segir Sólveig Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri LÍ.

„Ekkert fordæmi fyrir verkfalli íslenskra lækna“

– segir Sólveig Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri Læknafélags Íslands

Á skrifstofu Læknafélags Íslands var unnið mikið starf samhliða samningaviðræðum og ekki síst mæddi verulega á starfsfólki skrifstofunnar þegar verkfall blasti við og meðan á því stóð. Framkvæmdastjórinn, Sólveig Jóhannsdóttir, segir að hlutverk félagsins hafi verið að halda utanum þetta viðamikla verkefni

sem verkfall lækna á öllum ríkisspítölum og heilsugæslustöðvum landsins hafi verið.

„Læknafélagið hefur aldrei farið í verkfall áður og við vissum í rauninni ekki hvernig til myndi takast. Við vissum þó að lækna væru tilbúnir til að ganga svo langt sem raunin var en það var alls ekki

sjálfsagt. Það kom til dæmis alls ekki til greina við kjarasamningagerðina 2011 af hálfu lækna að fara í verkfall. Í þessu felst algjör stefnubreyting og sýnir að þolinmæði lækna var á þrotum.“

Í aðdraganda verkfallsins var stofnaður aðgerðahópur innan Læknafélagsins sem átti að gera tillögur og áætlun um hvernig





upp að ekki væri eingöngu verið að semja um launakjör lækna heldur væri beinlínis verið að semja um framtíð íslenska heilbrigðiskerfisins. Ertu sammála þessu?

„Þetta var aldrei beinlínis orðað svona af okkar hálfu enda hefði mátt túlka það sem hótun. En óbreytt ástand hefði skapað veruleg vandræði í heilbrigðiskerfinu og margir læknar hafa sagt upp störfum á undanförunum mánuðum og misserum, margir hafa dregið úr vinnu sinni hérlandis og stunda vinnu á Norðurlöndunum og fjöldi íslenskra sérfræðilækna hefur ekki hug á að flytjast heim við óbreyttar aðstæður. Þetta var bara veruleikinn sem við blasti og enn er ekki bitið úr nálinni

með þó binda megir vonir við að á næstu mánuðum verði viðsnúningur. Ég held að almenningur hafi ekki skynjað þetta sem hótun af okkar hálfu heldur lýsingu á ástandi sem við vildum mjög gjarnan breyta.“

Þið gættuð mikils hófs í öllum opinberum málflutningi og nefnduð aldrei prósentutölur í fjölmiðlum þó gengið væri eftir því. Andstæðingurinn, ríkisvaldið, lét hins vegar hafa ýmislegt eftir sér í þeim efnum.

„Já, við töldum einstaka liði kröfugerðarinnar ekki eiga erindi við neinn nema viðsemjendur okkar en það var ekki alveg sama viðhorf uppi hjá þeim. Í ákveðnum

„Samstaðan skilaði okkur þessum árangri og ætti því að vera gott veginesti til framtíðarinnar því við munum þurfa að sækja frekari kjarabætur á næstu árum til að rétta hlut íslenskra lækna að fullu,“ segir Þorbjörn Jónsson formaður LÍ.

tilfellum var ekki hægt að túlka yfirlýsingar stjórnvalda í fjölmiðlum um kröfur okkar á annan hátt en þar væri markvisst verið að reyna að snúa almenningssálitinu gegn okkur. Það tókst ekki, enda var það meðvitað hjá okkur að svara slíku aldrei á vettvangi fjölmiðla. Við fórum hins vegar ekki í neinar grafgötur með það að við værum að fara fram á verulegar kjarabætur.“

Þið réðuð ykkur þekktan almanna-tengil, Gunnar Stein Pálsson, sem ráðlagði ykkur hvernig baráttan skyldi kynnt í fjölmiðlum. Telurðu það hafa hjálpað?

„Alveg tvímælaust. Við Gunnar Steinn vorum reyndar sammála um hvernig tekið skyldi á þessu svo samstarf okkar var mjög gott. Hann ráðlagði okkur að taka ekki undir ögranir stjórnvalda í fjölmiðlum og leyfa slíkum upphröpunum að deyja út fremur en svara þeim. Enda hefði slíkt kallað á enn frekari viðbrögð og þar með væru viðræðurnar lentar á vettvangi fjölmiðlanna í stað þess að fara fram við samningaborðið, þar sem þær eiga heima. Það voru reyndar ekki allir í okkar röðum sammála þessari nálgun og vildu að við svöruðum fyrir okkur. Ég tel þó að þetta hafi reynt okkur farsælt.“

læknar gætu þrýst á um kröfur sínar og þar á meðal farið í verkfall. „Spurningin var þá hvernig ætti að skipuleggja verkfallið því allsherjarverkfall lækna kom ekki til greina. Við horfðum til finnsku læknasamtakanna sem fóru í verkfall á 10. áratugnum og við höfðum heyrt af þeirra baráttu á fundum með norrænu samninganefndunum. Það sem okkur leist vel á í þeirra aðgerðum var að í stað þess að leggja niður störf á ákveðnum sjúkrahúsum, fóru ákveðnir hópar lækna í verkfall. Útfærslan var síðan unnin af okkur hér á skrifstofunni í samstarfi við aðgerðahópinn.“

Aðspurð um hvort fyrri lota verkfallsins, sem hófst í lok október og lauk í desember með tveggja daga verkföllum og hléum á milli, og seinni lotan, sem hófst 5. janúar en stóð aðeins í tvo daga þar sem

skrifað var undir samninginn 7. janúar, hefðu verið skipulagðar samhliða, segir Sólveig svo alls ekki vera.

„Það datt held ég engum í hug að við þyrftum að fara út í aðra og harðari lotu verkfalls á þeim tíma. Sem betur fór samdrist áður en lengra var haldið inn í aðra lotuna. En verkfall lækna er eðli málsins samkvæmt mjög viðkvæmt. Verkfall verður auðvitað að hafa áhrif, það verður að bíta, en það má ekki valda skaða eða draga úr öryggi sjúklinga.“

Miðstöð verkfallsins var í húsakynnum Læknafélagsins í Hlíðasmára og Sólveig segir að ákveðinn hópur fólks hafi mætt til verkfallsvörslu og sinnt henni af mikilli þrýði. „Verkfallsvarslan var í rauninni meira formsatriði en annað og það urðu engir árekstrar og mjög lítill ágreiningur um túlkun. Maður hefði kannski viljað sjá

fleiri mæta hér í Hlíðasmáran til verkfallsvörslunnar en þetta gekk allt saman ágætlega.“

Sólveig segir almenningssálitnið hafa unnið með læknum í þessari baráttu og fjölmiðlar hafi átt stóran þátt í að undirbúa þann jarðveg með ítarlegri umfjöllun um slæmt ástand heilbrigðiskerfisins. „Almenningur hafði áhyggjur af ástandinu og vildi að læknar næðu ásættanlegum samningi til að að kerfið liðaðist ekki í sundur. Það kom kannski stjórnvöldum á óvart hversu víðtækur þessi stuðningur var og tilraunir til að rjúfa hann fóru útum þúfur. Það var svo ánægjulegt að ríkisstjórnin skyldi óska eftir því að læknafélögin sameinuðust með henni í yfirlýsingu um endurreisn heilbrigðiskerfisins þegar samningar höfðu náðst. Vonandi markar það nýtt upphaf.“